

Hafnarfjarðarkaupstaður
Bjarki Jóhannesson,
Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður



Minjastofnun Íslands

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
www.fornleifavernd.is / www.husafriidun.is

Reykjavík 19. febrúar 2013


Fvr 2013010035 /KM

Efni: Hvaleyrarvöllur. Framkvæmdaleyfi.

Minjastofnun Íslands hefur borist beiðni um umsögn um framkvæmdaleyfi á golfvellingum á Hvaleyri í Hafnarfirði. Með beiðninni barst skýrsla Golfklúbbsins Keilis þar sem framkvæmdinni er lýst. Til stendur að byggja nýja golfbraut syðst á umráðasvæði golfklúbbsins. Brautin mun liggja meðfram Miklaholti, frá vestri til austurs, að bátaskýlum við Hvaleyarlón.

Við framkvæmdir mun hluti gamals túngarðs, svokallaðs Suðurtúngarðs í landi Hvaleyrar, verða hulinn jarðvegi. Upplýsingar um túngarðinn má m.a. finna í fornleifaskráningarskýrslu Bygðasafns Hafnarfjarðar frá 2005: *Fornleifaskráning í landi Hvaleyrar og Grísaness Hafnarfirði*. Þar segir m.a.: *Hvaleyrarbærinn stóð í Hvaleyrartúni norðan við hlöðu þá sem byggð var 1917, en Hvaleyrarhúsið stendur aðeins sunnar. Hvaleyrartúnið var umgirt Hvaleyrartúngörðum, suðurtúngarður var á suðurhlíð. Það sem nú sést af garðinum liggur meðfram stíg sem liggur neðan við þjónustuhús golfklúbbsins, í átt að Hvaleyrartjörn. Garðurinn er hlaðinn úr hraungrjóti, og er grasivaxinn að mestu. Garðurinn er allt að 1.50 m á hæð og lækkar til austurs. Veggjaþykkt er um 1 m – 2 m. Garðurinn er samfelldur, en skiptist í 48 m langan bít síðan er 5 m rof, þá er 30 m bútur og 5 m rof, um það rof hafa traðirnar legið heim að Hvaleyrarbænum. Við austurhluta rofsins sést fyrir tófti... Þá kemur 30 m garður og rof sem er 5 m og síðan garður sem er um 23 m og við enda þessa garðs er fjárhústófti... Þá er rof í garðinn sem er um 7 m langt, og síðan tekur við garður sem er um 100 m langur, og rennur saman við landið í endann. Það er þessi austasti hluti garðsins, sem „rennur saman við landið“ sem hylja á við fyrirhugaðar framkvæmdir. Garðurinn er sýnilegur á yfirborði en gróin grasi og mun lægri en ofan (vestan) við fjárhústóftina þar sem grjóthleðslan stendur og er nokkuð heil. Þeim hluta garðsins sem nú stendur til að hylja hefur áður verið raskað við framkvæmir á golfvellingum. Meðfram garðinum hefur legið stigur eins og segir í lýsingunni hér að framan. Um er að ræða gamla leið, Alfaraleið, sem lá að Hvaleyrartjörn og þaðan í austur að Óseyri. Í stíginn hefur verið borin mól svo að hann er nú akfær.*

Minjastofnun Íslands leggst ekki gegn fyrirhuguðum framkvæmdum á Hvaleyrarvelli. Bent

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	20.2.2013
Málsnr:	1301771
Bréfal:	253.1


skal á að sækja þarf um leyfi stofnunarinnar til að hylja fornleifar, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012). Minjastofnun Íslands telur að mæla þurfi upp þann hluta garðsins sem hulinn verður. Þá þarf fornleifafræðingur að grafa könnunarskurð í gegnum garðinn til að kanna gerð hans og til að ganga úr skugga um hvort undir honum leynist leifar eldri minja.

Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður



Kristinn Magnússon
Deildarstjóri